

ÆFING: SKIPULEGGIÐ FORELDRAFUND/SAMRÁÐSFUND UM MÁLÖRVUN Á HEIMILINU

MARKMIÐ:

Að fá hugmyndir að því hvernig þið getið haldið foreldrafund, þar sem þið segið frá vinnu ykkar með tungumálið og gefið foreldrunum hagnýt ráð um hvað þeir geta gert til að örva málþroska barns síns á heimilinu.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Setjist saman í einn hóp.

Ræðið saman um það hvernig þið getið skipulagt foreldrafund/samráðsfund þar sem foreldrarnir fá:

- Þekkingu á vinnu okkar með tungumálið
- Hugmyndir að fjölskylduverkefnum sem þeir geta unnið með barninu sínu á heimilinu

Skrifið ákvarðanir ykkar á eyðublaðið og finnið hugmyndir að fjölskylduverkefnum í hugmyndaskránni í hlutanum „Málörvun á heimilinu“.

TILLÖGUR UM MÖPPU BARNSENS

Fyrir fundinn getið þið búið til tvítyngisorðabók fyrir hvert barn með myndum úr leikskólanum. Á fundinum geta foreldrarnir valið nokkur fjölskylduverkefni sem þeir vilja taka með sér heim og sett í möppuna.

ÞIÐ GETIÐ NOTAÐ EYÐUBLAÐIÐ TIL AÐ SKRIFA HUGMYNDIR YKKAR AÐ FORELDRAFUNDINUM

DAGSKRÁ	HVAÐ GERUM VIÐ Á FUNDINUM?
1) Foreldrar boðnir velkomnir	
2) Kynning á vinnu leikskólans varðandi málörvun	Dæmi um það sem þið gerið: Sýnið t.d. myndir, æfingar og verkefni. Hafið framsetninguna þannig að foreldrarnir fái að kíkja í bækur, prófa spil, fara í leik, fara með rímorð og þulur
3) Almenn ráð til foreldra	<p>Almennt ráð til forelda getur t.d. falist í því að þeir tali í megin dráttum við barn sitt á móðurmálinu. Það er hins vegar staðreynd að á mörgum heimilum eru töluð fleiri en eitt tungumál og þess vegna þurfa ráð og leiðsögn leikskólakennarans að taka mið af ólíkum aðstæðum fjölskyldna. Mælt er með því að hjálpa foreldrunum til að vera meðvitaðir um það hvenær þeir tala hvaða tungumál.</p> <p>Þið getið sagt foreldrunum að þeir geti styrkt málþroska barns síns með því að tala við barnið um magra ólíka hluti og með því að eiga margar sameiginlegar upplifanir.</p> <p>Finnið fleiri hugmyndir í orðalistanum sem er aftast í þessum hluta.</p>
4) Kynning á ýmsum fjölskylduverkefnum sem foreldrarnir geta unnið heima	Finnið hugmyndir að verkefnum í möppunni „Málörvun á heimilinu“ Sýnið foreldrunum t.d. nokkur verkefni, svo þeir sjái hvað maður á að gera og tala um og hvers vegna verkefnið er gagnlegt.
5) Foreldrarnir velja fjölskylduverkefni	Þið getið t.d. prentað út verkefnið af hugmyndaskránni og gefið foreldrunum tækifæri til að velja verkefni til að taka með sér heim
6) Takk fyrir í dag	

5. Málefni - Samræður við foreldrana um málörvun á heimilinu

DAGSKRÁ

1) Velkomin

2) Kynning á vinnu leikskólans varðandi málörvun

3) Almenn ráð til foreldra

4) Kynning á ýmsum fjölskylduverkefnum sem foreldrarnir geta unnið heima

5) Foreldrarnir velja fjölskylduverkefni

6) Takk fyrir í dag